

BRÁÐABIRGÐALÖG

43

14. ágúst

um breytingu á lögum nr. 78 19. júní 1933 um Kreppulánasjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að forsætisráðherra og landbúnaðarráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að til þess að lán Kreppulánasjóðs verði lánþegum ekki of erfið, sé það óhjákvæmilegt að breyta lánskjörunum framvegis þannig, að árgreiðsla hvers láns, sem sé vextir og afborgun, verði jöfn öll árin frá lántöku til þess er lánið er greitt að fullu, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög um þetta efni.

Því hjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Skuldabréf þau, sem Kreppulánasjóður lætur af hendi eftir gildistöku þessara laga, skulu mynda sérstakan flokk, og skulu fyrir þann flokk gilda eftirfarandi innlausnarákvæði, sem koma í stað tilsvareandi ákvæða í 2. gr. laga um Kreppulánasjóð nr. 78 frá 1933.

Vextir af bréfum þessum skulu vera 4,5% á ári. Þau skulu gefin út í einum flokki og skulu innleyst á þann hátt, að árlega sé varið sömu fastri upphæð til samanlagðra vaxta og innlausnargreiðslna, þannig að öll bréfin séu innleyst á 40 árum.

2. gr.

Skuldabréf þau, sem Kreppulánasjóður hefir látið af hendi við gildistöku laga þessara, mynda sérflokk og gilda fyrir hann ákvæði 2. gr. laga nr. 78 frá 1933 um Kreppulánasjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Marselisborg, 14. ágúst 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.